

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Markaðsstofu Reykjaness.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Markaðsstofa Reykjaness og skal nafnið ritað *Markaðsstofa Reykjaness*. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar skal vera í Reykjanesbæ.

3. gr.

Markmið.

Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast hvers kyns markaðs- og kynningarmál fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Suðurnesjum með heildarhagsmunum svæðisins að leiðarljósi; stuðla að nýsköpun í greininni; efla samstarf og fagmennsku á meðal ferðaþjónustuaðila og fyrirtækja á svæðinu.

4. gr.

Tekjur og ráðstöfun tekna.

Tekjur stofnunarinnar eru: Styrkir og framlög frá sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum, ferðaþjónustufyrirtækjum, sem og framlög og aðrar tekjur sem stofnuninni kunna að berast. Tekjum stofnunarinnar skal ráðstafa í þágu markmiða hennar með kynningarstarfsemi, útgáfu bæklinga, auglýsinga og á annan þann hátt sem stuðlar að markmiðum stofnunarinnar. Starfsemin er ekki rekin í hagnaðarskygni og skal öllum hagnaði, ef einhver verður, varið til þess að efla starfsemi stofnunarinnar.

5. gr.

Stofnendur.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2009 af Ferðamálasamtökum Suðurnesja, kt. 540984-0429.

6. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar var það fé sem stofnendur lögðu til félagsins, við stofnun sjóðsins þann 23. janúar 2009, kr. 852.000, en er í dag kr. 1.045.000

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 8 mönnum. Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – Heklan skipar 7 menn og Ferðamálasamtök Suðurnesja 1 mann. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar skal yfirfara tillögur að fjárhagsáætlun hvers árs, sem síðan eru sendar til kynningar hjá stofnaðilum og helstu samstarfs- og stuðningsaðilum, samkvæmt ákvörðun stjórnar. Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 3. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar. Auk aðalfundar skal halda stjórnarfund a.m.k. einu sinni á ári. Formaður stjórnar boðar til fundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar skriflega og skal hann þá haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók eða með öðrum

sannanlegum hætti að mati stjórnar. Stjórn skal sjá um að halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Fagráð.

Skipa skal sérstakt fagráð fyrir Markaðsstofu Reykjaness. Fagráðið skal vera stjórn og verkefnisstjóra til ráðgjafar er varða almenn verkefni markaðsstofunnar. Fagráðið skal starfa með sama hætti og stjórn að eflingu starfsemi Markaðsstofu Reykjaness með heildarhagsmunum svæðisins að leiðarljósi ásamt því að vera ráðgefandi um verkefni, stefnumótun og helstu áherslur markaðsstofunnar. Fagráðið skal skipað stjórnarmönnum Ferðamálasamtaka Suðurnesja á hverjum tíma.

9. gr.

Verkefnastjóri.

Verkefnastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri markaðsstofunnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða reksturinn. Verkefnastjóri skal vera í góðu sambandi við fagráð markaðsstofunnar og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins en framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja ber ábyrgð á öllu almennu reikningshaldi auk þess sem hann ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar og ráðningu starfsmanna eftir því sem þörf þykir í samræmi við umfang starfsemi stofnunarinnar. Verkefnastjóri skal skila mánaðarlegri framvinduskýrslu til framkvæmdastjóra atvinnuþróunarfélagsins um helstu verkefni og viðfangsefni.

10. gr.

Endurskoðun.

Stjórn stofnunarinnar skal ráða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

Endurskoðendur skulu ráðnir til eins árs í senn.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og fyrsta reikningstímabilið er árið 2013. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. apríl ár hvert.

12. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur stofnunarinnar skal halda eigi síðar en 30. maí ár hvert. Til aðalfundar og aukaáðalfundar skal boða skriflega með minnst 7 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Á fundunum skal hver stjórnarmeðlimur fara með eitt atkvæði.

Ef taka á til meðferðar á aðalfundi eða aukafundi tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari skal meginefni tillögunnar fylgja fundarboði. Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skal dagskrá og endanlegar tillögur liggja fyrir. Jafnframt skulu þá ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á starfsstöð stofnunarinnar. Aðalfundur er ályktunarhæfur ef meira en helmingur meðlima stjórnar mæta á fund. Afl atkvæða meðlima stjórnar ræður úrslitum á aðalfundum nema aukins meirihluta sé krafist samkvæmt lögum og/eða skipulagsskrá þessari.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.
4. Tilnefning stjórnar.
5. Kjör endurskoðenda.
6. Önnur mál.

13. gr.

Fjárhagsáætlun.

Stjórn stofnunarinnar skal yfirfara og /eða gera fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Stjórnin skal í samráði við verkefnisstjóra fylgjast grannt með fjárhag stofnunarinnar, einkum með því að tekjur stofnunarinnar standi undir kostnaði og skuldbindingum.

14. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Tillögur að breytingum á skipulagsskrá þessari skal leggja fyrir aðalfund þar sem þær skulu kynntar og afstaða tekin til þeirra og greidd um þær atkvæði. Tillögur um breytingar á skipulagsskránni skulu berast stjórn með nægilegum fyrirvara svo unnt sé að geta slíkrar tillögu í fundarboði. Til að breytingar á skipulagsskránni geti öðlast gildi þurfa 2/3 hlutar atkvæða meðlima stjórnar að samþykkja tillögu þar um.

Með tillögur um að fella niður skipulagsskrá stofnunarinnar, eða leggja hana niður, skal farið með sama hætti og breytingar.

15. gr.

Slit.

Komi til þess að sjálfseignarstofnunin verði lögð niður skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður í samræmi við markmið sjóðsins. Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1998, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

16. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Sé skipulagsskrá breytt eða sé samþykkt að sjálfseignarstofnunin verði lögð niður skal leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki. Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá fyrir Markaðsstofu Suðurnesja, nr. 158/2009.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. júní 2013.

Bjarni Stefánsson.

Lára Kristín Gísladóttir.